

Varðar kafla 12 Landbúnaðarmál

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Hér vantar umfjöllun um „Eina heilsu“. WHO (alþjóða heilbrigðisstofnunin) og OIE (alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin) hafa undanfarin ár hvatt þjóðir heims til að nálgast umfjöllun og aðgerðir stjórnvalda er snerta heilbrigði manna út frá hugtakinu „one health“. Heilsa manna verður ekki aðskilin frá heilbrigði dýra og heilnæmu umhverfi. Því til áréttingar eru 60% smitsjúkdóma í fólki súnur, 75% aðsteðjandi sjúkdóma í fólki eru upprunnir frá dýrum, af hverjum 5 nýjum sjúkdómum í fólki eru 3 þeirra upprunnir frá dýrum og 80% smitefna sem hugsanlega eru notuð í hryðjuverkum eru súnuaíðar. Síðast en ekki síst er ábyrg sýlaíyfjanotkun afgerandi þáttur í sporna við frekari myndun sýklalyfjaónæmis, en það er talin ein helsta ógn sem steðjar að mannkyninu á líðandi tímum.

Helstu áskoranir og tækifæri til umbóta

Hér vantar meiri umfjöllun um heilbrigði dýra á Íslandi og þjóðarverðmæti sem því fylgir, minni meðhöndlunar og lyfjakostnaður dýraeigenda og meiri útflutningsverðmæti dýra, búfjárafurða og erfðaefnis. Hér á landi er búfé (sauðfé) aðeins bólusett fyrir einum sjúkdómi (garnaveiki) og því minni kostnaður en í flestum löndum. Litlar takmarkanir eru á útflutningi dýra, dýraafurða og erfðaefni dýra vegna góðrar sjúkdómastöðu, helsta takmörkunin er riða í sauðfé. Ísland er eitt fárra ríkja sem getur selt erfðaefni eldisfisks út um allan heim, Chile leyfir t.d. aðeins innflutning lifandi laxahrogna frá Íslandi.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Tillaga að breyttu markmiði nr. 3, verði svohljóðandi: „Framúrskarandi heilsa dýra og heilnæmi^{4*} afurða“

Mælikvarði: Tíðni dýrasjúkdóma og súna

Staða 2019: Meðalgildi 2009-2018

Viðmið 2022: -1%

Viðmið 2024: -2%

Aðgerðir sem tengjast markiði 3

11. Koma á fromlegri samvinnu Mast, Matís, Keldna, UST og sóttvarnalæknis 2020-2021 (ANR + VEL + UHR + MMR)

12. Koma á formlegu samstarfi opinberra aðila er tengjast velferð dýra, þ.e. Mast, lögregla, félagsþjónusta sveitarfélaga 2020-2022 (Mast)

13. Hanna, forrita og taka í notkun sýnagagnagrunn 2020 – 2022 (Mast, Matís, Keldur og UST?)

14. Endurnýjun gagnagrunnsins Heilsu og tryggja skráningar 2020-2021 (Mast)

15. Stórfelld fræðsla um smitleiðir og forvarnir dýrasjúkdóma og súna (Mast, Matís, Keldur og sóttvarnalæknir)

Núverandi aðgerðir við markmið 3 mætti standa og legg til að breyta örlítið

6. Gera matvælastefnu með sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi

7. Skipta upp

7a. Endurskoða fyrirkomulag áhættumats

7b. Tryggja vöktun á áhættuþáttum, þ.m.t. matvælafalsanir, súnur og lyfjaónæmi, fóðri, dýrum, matvælum og mönnum

Varðar kafla 13 Sjávarútgegur og fiskeldi

Við lestur á kafla um sjávarútveg og fiskeldi er ekkert fjallað um heilnæmi afurða eða matvælaöryggi.

Tillögur að breytingum vegna matvælaöryggis / heilnæmis.

Helstu áskoranir og tækifæri til umbóta

Starfsemi á málefna sviði sjávarútvegs og fiskeldis „varðar hagnýtingu auðlinda sjávar og afurða úr fiskeldi til matvælaframleiðslu“ og er á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Málaflokkar á þessu sviði eru tveir:

Stefna stjórnvalda er að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum afurðum sjávar og fiskeldis.

Til þess þarf íslenskur sjávarútvegur að standast strangar kröfur um sjálfbærar veiðar, lágmörkun vistkerfisáhrifa, vottun, gæði og „heilnæmi“ afurða og traust.

FRAMTÍDARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Tryggja þarf samkeppnishæfni sjávarútvegs og „fiskeldis“ á alþjóðlegum mörkuðum og að hann geti áfram staðið að nýsköpun og vöruþróun til að auka virði „heilnæmra“ afurða.

Bæta þar við texta um viðhald einstaklega góðs heilbrigðis eldisfiska, sbr. umfjöllun í 12. kafla